



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa fjármála- og áhættustýringarsviðs


Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna um fjárhagsaðstoð borgarinnar.

Á fundi borgarráðs þann 11. maí 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna:

„Hefur fjárhagsaðstoð borgarinnar hækkað í takt við hækkanir launa í kjarasamningum eða vegna verðbólgu?“

Svar:

Í Töflu 1 má sjá þróun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar frá árinu 2005 í samanburði við þróun sem fylgir vísitölu launa annars vegar og vísitölu neysluverðs hinsvegar. Líkt og sést í töflunni þá hefur grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar hækkað umfram grunnfjárhæð reiknaða m.v. vísitölu neysluverðs. Síðan 2016 hefur grunnfjárhæð reiknuð m.v. vísitölu launa hækkað hraðar en grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar.



Mynd 1: Þróun á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar; Grunnur: júní 2005; Heimild fyrir vísitölu neysluverðs og vísitölu launa: Hagstofan



Þegar litið er á styttra tímabil (2016 -2023) þá hefur grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar hækkað um 27%, grunnfjárhæð reiknuð m.v. vísitölu neysluverðs hækkað um 31% og grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar reiknuð m.v. vísitölu launa hækkað um 68%. Prósentuhækkun á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar er 33% á tímabilinu 2016-2024. Á tímabilinu 2005-2016 má segja að þróun á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar hafi verið umfram launa- og verðlagshækkunum. Síðan 2016 hefur grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar fylgt verðlagsþróun.

Ár	Grunnfjárhæð FA	Grunnfjárhæð m.v. VL	Grunnfjárhæð m.v. VNV
2005	84.245 kr	84.245 kr	84.245 kr
2006	87.615 kr	90.232 kr	87.734 kr
2007	95.325 kr	99.045 kr	93.838 kr
2008	99.329 kr	107.433 kr	99.349 kr
2009	115.567 kr	116.217 kr	117.369 kr
2010	125.540 kr	120.579 kr	126.186 kr
2011	149.000 kr	126.095 kr	129.269 kr
2012	157.493 kr	137.567 kr	136.063 kr
2013	163.635 kr	143.998 kr	141.770 kr
2014	169.199 kr	152.081 kr	147.645 kr
2015	174.952 kr	162.259 kr	148.833 kr
2016	180.550 kr	177.799 kr	151.833 kr
2017	184.883 kr	194.580 kr	154.733 kr
2018	184.883 kr	207.937 kr	157.626 kr
2019	201.268 kr	220.278 kr	163.501 kr
2020	207.709 kr	230.376 kr	166.828 kr
2021	212.694 kr	247.170 kr	172.816 kr
2022	217.799 kr	265.424 kr	181.635 kr
2023	228.689 kr	298.179 kr	199.049 kr
2024	239.895 kr		
Hækkun %	185%	254%	136%

Tafla 1: Þróun á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs